

- 74 5. Hann má ekki reka atvinnu, er ráðherra telur ósamrýmanlega þessu starfi, svo
11. júní sem skipamiðlun, eða veita forstöðu skipa- eða váttryggingarfélögum.

3. gr.

Löggiltur niðurjöfnunarmaður sjóttjóns skal undirrita drengskaparheit um að vinna verk sitt eftir beztu vitund og þekkingu, og yfirleitt inna skyldur sínar sem niðurjöfnunarmaður sjóttjóns samvziskusamlega af hendi.

4. gr.

Niðurjöfnun löggilts niðurjöfnunarmanns jafngildir niðurjöfnun þeirra tveggja dómkvaddra manna, er getur í 8. kap. siglingalaganna.

Löggiltum niðurjöfnunarmanni sjóttjóns er heimilt að gefa upplýsingar til afnota í dómsmálum um niðurjöfnun sjóttjóns og um önnur atriði, sem falla undir starfsvið hans. Fer um sönnunargildi þessara yfirlýsinga sem um skýrslur opinberra embættismanna.

5. gr.

Löggiltir niðurjöfnunarmenn sjóttjóns skulu sæta sömu viðurlögum fyrir brot sem opinberir sýslunarmenn.

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið getur tiltekið nánar í reglugerð um verksvið, störf og þóknun niðurjöfnunarmanna sjóttjóns.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Skúli Guðmundsson.

75
11. júní

L Ö G

um veiting ríkisborgararéttar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

Bertelsen, Andreas Jess, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.

Eide, Hans, kaupmaður í Reykjavík, fæddur í Noregi.

Haarde, Tomas, stöðvarverkstjóri í Reykjavík, fæddur í Noregi.

Halblaub, Ágúst, vélstjóranemi í Reykjavík, fæddur í Þýskalandi.

Halblaub, Sólveig Jónsdóttir, verkakona á Akureyri, fædd hér á landi. 75
 Isebarn, Ingólfur Hans Hermann, skrifstofumaður í Reykjavík, fæddur í Noregi. 11. júní
 Isebarn, Júlíana Matthildur, skrifari í Reykjavík, fædd í Noregi.
 Jensen-Brand, Helgi Carl, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Canada.
 Johansen, Kári Sölmundarson, verzlunarmaður á Akureyri, fæddur í Noregi.
 Jónas Jónasson, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur hér á landi. — Réttur þessi
 tekur ekki til konu hans.
 Kristján Halldórsson, verkamaður á Hólmavík, fæddur hér á landi.
 Magnús Már Sigurjónsson, verkamaður í Reykjavík, fæddur í Canada.
 Molvík, Jakob Andreassen, verkamaður á Akureyri, fæddur í Noregi.
 Rasmussen, Gunnar Hans, námsmaður í Reykjavík, fæddur í Danmörku.
 Stolzenwald, Helmuth Gustav Rudolf, klæðskeri í Vestmannaeyjum, fæddur í
 Þýzkalandi.
 Sörensen, Arne, úrsmiður á Ísafirði, fæddur í Danmörku.
 Valderhaug, Andris, bakari á Dalvík, fæddur í Noregi.
 Weissappel, Friedrich Karl Johanna, píanóleikari í Reykjavík, fæddur í Aust-
 urríki.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

76

11. júní

um byggingar- og landnámssjóð.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

I. KAFLI

Um markmið sjóðsins.

1. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að endurbyggingu íveruhúsa í sveitum og stofnun nýrra býla.

2. gr.

Sjóðurinn starfar í tveim deildum, sem heita byggingarsjóður og nýbýlasjóður.